

# Skólaráð Myllubakkaskóla

9. október 2019

Mættir: Bryndís Björg Guðmundsdóttir (skólastjóri), Svanhildur Skúladóttir (ritari og fulltrúi kennara), Unnur Guðmundsdóttir (fulltrúi kennara), Stefán Jónsson (fulltrúi starfsmanna), Hjörleifur Hannesson (fulltrúi foreldra), Lovísa Lilliendahl (fulltrúi foreldra), Hrafnhildur Ólafsdóttir (fulltrúi grenndarsamfélags), Ísak Helgi Jensson og Helga Rut Guðjónsdóttir (fulltrúar nemenda).

1. Bryndís sýndi stutt myndband sem útskýrir hlutverk skólaráðs og er ætlað nemendum.

2. Rætt var um starfsáætlun skólans og var hún undirrituð. Unnur var með nokkrar athugasemdir. Starfsáætlunin verður birt á heimasíðu skólans.

3. Bryndís sagði frá sjálfsmatsskýrslu sem er frá síðasta skólaári. Skólinn kemur ekki alveg nógu vel út varðandi líðan nemenda. Það eru ekki nógu margir nemendur í skipulögðu tómstundastarfi. Umbótaáætlun hefur verið unnin, en það er ekki að skila sér í skýrslunni.

5. Önnur mál.

Hjörleifur talaði um lestrarhraða sem mælitæki og hvort það væri betra að meta aðra þætti. Unnur benti á lestrarátak sem er að fara af stað í skólanum og að mikil fylgni er milli leshraða og lesskilnings. Einnig var rætt að myndband um

lestur er á síðu Menntamálastofnunnar.

Hjörleifur sagði frá því að stjórn foreldrafélagsins er að skipuleggja Hrekkjavökuskemmtun í skólanum.

Að lokum var farið í gönguferð um skólann og skoðuð jákvæð orð og skilaboð sem er búið að setja upp.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Fundargerð ritaði Svanhildur Skúladóttir